



Íbúasamtök Kjalarness

Fólkvangi, 116 Reykjavík,

www.kjalarnes.is

Endurvinnslustöð Sorpu á Kjalarnesi

Greinargerð Íbúasamtaka Kjalarness

Íbúar á Kjalarnesi hafa mikinn skilning á nauðsyn þess að velta hverjum steini við í leit að hugsanlegum sparnaði í rekstri borgarinnar og tengdum fyrirtækjum. Á sama tíma viljum við leggja áherslu á að Kjalnesingar njóti sambærilegrar þjónustu og aðrir borgarhlutar. Við vekjum athygli á sérstöðu Kjalarness annars vegar vegna vegalengda og hins vegar vegna dreifbýlis og veðráttu.

- Samkomulagið:** Í „Bláu bókinni“ sem var samningur um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur segir í kaflanum hreinlætismál á bls 12. „Gámastaður verður áfram á Kjalarnesi og tryggð viðunandi umgengni umhverfis hann“. Okkur á Kjalarnesi er tamt að vitna í þetta skjal sem er grundvöllur að sameiningunni.
- Íbúafjöldi:** Í pósthúsi 116 búa tæplega 900 manns en í þéttbýlinu í Grundarhverfi eru nú um 170 heimili.
- Reksturinn:** Án þess að hafa rekstraryfirlit fyrir þessa endurvinnslustöð Sorpu á Kjalarnesi er þó ljóst að hún er opin þrisvar í viku alls um 60 klst á mánuði sem er liðlega einn þriðji af mánaðarlaunum. Kostnaður við stöðina liggur því einungis að litlum hluta í launum. Flutningskostnaður er sagður hár og hlaupi á milljónum en á sama tíma en innvigtun sögð lítil. Miðað við fyrirbyggjandi tölur er innvigtun um 11 tonn á mánuði. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna má ætla að losun sé 30 – 40 gámar á ári. Séu að meðaltali um 5 tonn í hverjum gámi og miðað við algengan flutningskostnað væri árlegur kostnaður við flutninga (50 km og @300kr/km) aðeins kr. 400 - 600þús á ári. Rafmagnskostnaður er hverfandi og þá er einungis eftir lóðaleiga og leyfisgjöld sem renna til borgarinnar. Gámaleiga ætti ekki að hverfa nema Kjalnesingar hætti að skila þessum úrgangi til Sorpu og fellur því að einhverju marki áfram til óháð því hvar gámarnir eru staðsettir.
- Vegalengdir:** Þjónusturadius endurvinnslustöðvarinnar á Kjalarnesi er afar stór enda sinnir hún helming af öllu landsvæði Reykjavíkurborgar eða hinum gamla Kjalarneshreppi frá Leirvogsá upp að Kiðafellsá. Ef miðað er við íbúakjarnann á Álfanesi þá eru innan við 10 km í næstu endurvinnslustöð á Dalvegi og mesta vegalengd fyrir þá sem lengst þurfa að fara innan við 11 km (Hólmatún). Verði endurvinnslustöðinni á Kjalarnesi lokað er vegalengdin í Sorpu í Mosfellsbæ um 15 km og því má segja að það verði tæplega 60% lengra fyrir okkur að fara í næstu endurvinnslustöð en aðra borgarbúa. Fyrir þá sem lengst þurfa að fara (Tindstaðir) losar vegalengdin 25 km og er þetta þá orðin liðlega 50 km ferð. Þá er því ekki saman að jafna að fara innanbæjar eða um einn umferðarþyngsta þjóðveg landsins í afar misjöfnu veðri um Kollafjörð og Esjumela.
- Heimsóknir í stöðina:** Því hefur verið haldið á lofti að skil á úrgangi í þessa stöð séu afar lítil og nefnt sem dæmi að í október hafi aðeins verið losuð 560 kg frá stöðinni. Sé nánar rýnt í tölulegar upplýsingar kemur þó í ljós að á fyrstu níu mánuðum ársins eru alls losuð 96.830 kg frá stöðinni. Fyrstu 10 mánuði þessa árs hafa verið 650 afgreiðslur á skilagjaldsumbúðum sem væntanlega eru þá álíka margar heimsóknir. Þar sem stöðin er opin þrisvar í viku er það að meðaltali um 5,5 heimsóknir einungis vegna þessara umbúða.
- Atvinnutækifæri:** Af hverfum borgarinnar hefur atvinnuleysi verið einna mest á Kjalarnesi. Hér eru fá atvinnutækifæri og því viljum við vaka yfir öllum störfum hér á Kjalarnesi. Bent hefur verið á að þeir sem vinna í endurvinnslustöðinni hafi einnig aðra vinnu. Það er þakkarvert en réttlætir engan veginn að leggja störfin niður því hver klukkustund er mikilvæg í því ástandi sem hér er í dag.

7. **Grænt Kjalarnes:** Mörgum er tíðrætt um veður á Kjalarnesi og vissulega getur hvesst. Ef íbúar eiga að fara 30 km ferð með endurvinnsluúrgang í kerrum alls með tæplega 130 tonn á ári yrðu það æði margar ferðir og hæpið að telja það vistvæna lausn. Vera kann að eitthvað sé hægt að minnka þetta magn með aukinni flokkun en eftir standa efnisflokkar eins og jarðvegur, málmar, heimilistæki og stór hluti af blönduðum úrgangi en saman eru þessir flokkar 90% af innvigtuðum úrgangi í stöðina. Þá standa hugsanlega eftir um 115 tonn sem þarf að trilla á kerrum í misjöfnum veðrum og mikilli þjóðvegaumferð í aðrar endurvinnslustöðvar. Er hægt að jafna því saman að keyra innanbæjar í Garðabæ með úrgang í kerru eða fara um Kollafjörð og Esjumela í misjöfnum veðrum?
8. **Aukin flokkun sem mótvægisáðgerð:** Við fögnum áherslu á aukna flokkun á heimilum en það er skýr vilji íbúanna að þessu sé ekki blandað saman við endurvinnslustöð Sorpu sem að lang stærstum hluta tekur við allt öðru sorpi en hér er um að ræða. Gott væri að innleiða aukna flokkun sjá hvaða áhrif það hefur á magn jarðvegsúrgangs, heimilistækja, járn eða á blandaðan úrgang sem kemur til endurvinnslustöðvarinnar. Ég get vitnað um eitt fimm manna heimili þar sem lagt er upp úr meðvitaðri meðferð á umbúðum og losun heimilissorps er aðra hverja viku. Þar er afar sjalgæft að tekin sé nema hálf full (hálf tóm) tunna á tveggja vikna fresti og ef vel gengur með jarðgerðina er sorpið enn minna. Þá er farið nánast vikulega í endurvinnslustöðina með dagblöð, fernur, pappa og niðursuðudósir en það eru flokkar sem fara ekki í sorptunnuna. Þessi hugsun er arfleifð frá vistvænum verkefnum í leikskólanum á Kátakoti (forvera BakkaBergs) og verkefninu vistvænt í verki sem margir tóku þátt í fyrir um 15 árum. Þetta er einn þátturinn sem við viljum gjarnan taka inn í verkefnið „Grænt Kjalarnes“ og gæti verið tilvalið samstarfs- og átaksverkefni á næstu mánuðum. Með ofangreinda reynslu í huga er að mínu mati mikilvægt að fá leik- og grunnskólana til að tileinka sé þessa hugsun í skólunum um leið og við fáum breiða samstöðu um að bæta flokkun heimilissorps.

Kjalarnesi 7. desember 2010
Ásgeir Harðarson,
formaður ÍK,
s: 894 3065

Íbúasamtök Kjalarness Fólkvangi, 116 Reykjavík

Reikningsnúmer:

0515-26-006220

kennitala: 620202 5330